

Lyfjaverð þyrfti að hækka

Framboð á lyfjum hér á landi er einungis þriðjungur af því sem í boði er á Norðurlöndunum. Læknar og lyfjafræðingar segja að kostnaður við skráningu lyfja sé óþarflega mikill og að endurskoða þyrfti verðlagshömlur sem settar eru á lyf.

MAGDALENA ANNA TORFADÓTTIR
magdalena@vb.is

Adögum gaf Hagfræðistofnun út skýrslu sem fjallaði um lyfjamarkaðinn hér á landi. Í skýrslunni kom meðal annars fram að lyfjaverð á Íslandi hefði lækkað síðan í byrjun 21. aldarinnar og að gögn frá Hagstofnunni benda til þess að árið 2018 hafi íslenskir neytendur greitt um það bil helmingi minna fyrir skammt af lyfjum en 2003. Þá kom fram að vegna verðlagshamlana sem settar eru á lyf hér á landi sé lyfjaframboð hér á landi aðeins þriðjungur af því framboði sem í boði er á Norðurlöndum. Læknar og lyfsalar sem Viðskiptablaðið ræddi við segja ástæðu til að hafa áhyggjur af stöðunni og telja sumir að endurskoða þurfi þessar verðlagshömlur.

Lyfjaskortur mikið vandamál

Hér á landi er verðlagningu á lyfseðilsskyldum lyfjum þannig hátt að Lyfjagreiðslunefnd ríkisins ákveður verslunarálagninguna bæði í heilðsölu og smásölu. Markmiðið með þessu fyrirkomulagi er að tryggja að lyf hér á landi séu á viðráðanlegu verði en þó hefur þetta haft ótilætlaðar afleiðingar í för með sér að sögn sérfræðinga.

Ágúst Arnórsson, hagfræðingur og einn af höfundum skýrslunnar, segir að fyrirkomulagið hafi meðal annars stuðlað að minna framboði á lyfjum hér á landi.

„Þetta er klárlega kerfi sem þarf að endurskoða. Það að lyfjaverð sé svona fast veldur ýmsum vandkvæðum. Það þarf að rukka fyrir lyf og framleiðendur munu ekki skrá lyf hér á landi nema þau hagnist á því. En með núverandi fyrirkomulagi er verðið á þeim lyfseðilsskyldum lyfjum sem í boði eru keyrt niður. Því þarf að skoða hvort það megji ekki bara leyfa fyrirtækjunum að rukka meira fyrir þau.“ Hann bætir við að heilðsalar hafi bent á að í þessu kerfi sé erfitt að skrá ný og dýr lyf og því séu sumar meðferðir sem þörf er á einfaldlega ekki í boði. „Síðan spilar líka inn í að Ísland er mjög lítill markaður og það eru því tiltölulega fáir sem þurfa á hverju lyfi að halda. Því gæti verið sniðugt að koma á sameiginlegu útboði fyrir lyf á Norðurlöndunum eins og ráðuneytið er með til skoðunar.“

Jörundur Kristinsson heimilislæknir segir að lyfjaskortur sé orðið það mikið vandamál að




Lyfjaverð hér á landi hefur lækkað en árið 2018 greiddu Íslendingar um það bil helmingi minna fyrir skammt af lyfjum heldur en árið 2003.

VBMVND/EPA

Þróun á arðsemi eiginfjár

— á lyfjamarkaði

Heimild: Ársreikningaskrá



stjórnvöldum beri að gera eitthvað í stöðunni en hann ritaði á dögum grein í Læknablaðið þar sem hann vakti athygli á málinu. „Ég hef gríðarlegar áhyggjur af þessu. Þessi lyfjaskortur hefur meðal annars valdið því að í sumum tilvikum hafa sýklalyf með breiða virkni verið notuð í stað sérvirkra sem getur ýtt undir sýklalyfjagæmi.“ Hann bætir við að kollegar hans séu uggandi yfir stöðunni og hann sé að á þeirri skoðun að réttinum til skráningar lyfs hér á landi ætti að fylgja sú kvöð að lyfið verði alltaf fáanlegt.

Spurður hvort hann telji að lyfjaverð sé einfaldlega það lágt að framleiðendur sjái ekki hag sinn í að skrá lyfin hér á landi segir

hann að það geti vel verið. „Það er hugsanlega rétt því ef lyfjaverð væri hærra þá sæju framleiðendur þessara lyfja sér hag í því að bjóða upp á þau hér á landi. Svo gæti smæð markaðarins einnig spilað inn í. Svo má ekki gleyma þeim mikla kostnaði sem fylgir því að hafa lyf skráð. Þetta skapar mikinn vanda fyrir bæði lækna og sjúklinga og er virkilega tímafrekt.“

Salóme Ásta Arnardóttir, formaður félags íslenskra heimilislækna, tekur undir það að lyfjaskortur sé mikið vandamál hér á landi. „Það hafa verið uppi hugmyndir að koma á sameiginlegu útboði á lyfjum á Norðurlöndunum og mér þykir það vera mjög spennandi hugmynd.“

Hún bætir við að hún telji að þótt staðan sé óþægileg muni hún ekki skapa hættu. „Þetta skapar aðallega mikil óþægindi og vesen bæði fyrir sjúklinga og lækna. Þetta er eitthvað sem stjórnvöld þyrftu að skoða og finna lausn á.“

Miklar aðgangshindranir og kostnaður

Fram kemur í skýrslunni að miklar aðgangshindranir séu inn í lyfjageirann og því sé erfitt fyrir nýja aðila að koma inn á markaðinn.

„Það eru að sjálfsögðu fagaðilar í heilbrigðisgeiranum sem þyrftu að meta hvort þessar aðgangshindranir séu of miklar eða nauðsynlegar,“ segir Ágúst. Hann bætir við að það fylgi mikill kostnaður skráningu lyfja hér á landi sem þyrfti mögulega að taka til skoðunar.

Ólafur Adolffson, lyfsali hjá Apóteki Vesturlands, tekur undir að kostnaður við skráningu lyfja sé mikill. „Það er mikill kostnaður við skráningu lyfja hér á landi. Það þarf til að mynda að þýða alla fylgiseðla með lyfjum yfir á íslensku. Síðan þarf fylgiseðill að vera í hverri seldri pakkningu sem er að mínu mati óþarfi því þessar upplýsingar er hægt að nálgast á netinu.“

Spurður hvort hann telji kvaddir um birgðahald vera of strangar segir hann svo ekki vera. „Það er klausa í lögunum sem segir að sé lyf ekki til hjá lyfsala beri honum að útvega það eins fljótt og auðið er. Þannig að ég tel að þessar kvaddir séu ekki óþarflega strangar. Hins

Tvö fyrirtæki ráðandi á markaðnum

● Í skýrslunni kemur fram að Lyfja og Lyf og heilsa ráði saman lyfjamarkaðnum á höfuðborgarsvæðinu en fyrirtækin tvö hafa um 60-65% markaðshlutdeild á landinu öllu. Að mati skýrsluhöfunda liggur forskot fyrirtækjanna tveggja að stórum hluta í hagkvæmni í rekstri. Gískað hefur verið á að Costco apótekið sem kom inn á markaðinn í maí 2017 sé með 10% markaðshlutdeild. Afkoma smásalanna á lyfjamarkaði hefur verið misgóð. Á árunum 2014 til 2017 var hagnaður tveggja stærstu keðjanna tæp 4% af rekstrartekjum, en hagnaður annarra lyfsala var aðeins rúmlega 1% af tekjum.

vegar flækja álagningarreglur lyfja og fyrirkomulag útgáfu lyfjaverðskrár birgðahald í lyfjabúðum með því að búa ýmist til hvata til að hamstra lyf eða framkalla lyfjaskort í lyfjabúðum.“

Fyrirhugaðar eru breytingar á lyfjalögum og fram kemur í árskýrslu heilbrigðisráðherra fyrir árið 2018 að undirbúningi að sameiginlegu útboði Danmerkur, Noregs og Íslands vegna kaupna á völdum lyfjum til notkunar á sjúkrahúsi sé lokið. Þá stendur einnig til að vinna að innleiðingu rafrænna fylgiseðla.